

BÓKF2TB05 (BÓK213)

Tölvubókhald

Nemendur eiga að hafa vald á bókhaldshringrásinni við upphaf áfangans. Þessi þekking er dýpkuð og tölvutæknin notuð til þess að færa bókhald eftir fylgiskjölum. Áhersla er lögð á að nemendur öðlist skilning á því að hvernig fjárhagsbókhald sækir upplýsingar í birgðabókhald, viðskiptamannabókhald og sölubókhald.

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilnings á:

- einfaldri skipulagningu bókhaldslykla
- merkingu, röðun og varðveislu fylgiskjala
- tengslum fjárhagsbókhalds við önnur kerfi svo sem birgðabókhald, viðskiptamannabókhald, sölubókhald og launabókhald

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- búa til nýja bókhaldslykla
- skrá, bóka og bakfæra fylgiskjöl í mismunandi kerfum
- stofna vörunúmer, birgja og viðskiptamenn
- útbúa launaseðla og skilaskýrslur, bæði vegna launa og virðisaukaskatts
- stemma af bankareikninga og viðskiptamenn
- taka skýrslur út úr kerfinu

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- færa einfalt bókhald í tölvukerfi
- aflað sér upplýsinga úr bókhaldskerfinu og vinna með þær
- túlka og greina upplýsingar úr kerfinu

Námsmat

Símat. Nemendur vinna raunhæf verkefni þar sem helstu hugtök og aðferðir eru notaðar.